



## Fundargerð

370. fundur hreppsnefndar Tálknafjarðarhrepps var haldinn miðvikudaginn 21. mars 2007, á skrifstofu Tálknafjarðhrepps kl. 17.00.

### Dagskrá

#### 1. Fundargerðir nefnda.

- a) Fundargerð skólanefndar 15. febrúar 2007  
Fundargerð skóli einn töluliður. Fundargerð leikskóli tveir töluliðir.  
Fundargerð staðfest samhljóða.
- b) Fundargerð húsnaðisnefndar 1. mars 2007 í tveim töluliðum.  
Tillögur húsnaðisnefndar sjá fylgiskjal dags. 1. mars 2007  
Fundargerð staðfest samhljóða.
- c) Fundargerð byggininganefndar 9. mars 2007  
Fundargerð staðfest samhljóða.
- d) Fundargerð byggininganefndar 19. mars 2007  
Fundargerð staðfest samhljóða.
- e) Fundargerð samráðsnefndar miðvikudaginn 14. mars 2007  
Fundargerð staðfest samhljóða.

#### 2. Bréf Birnu Lárusdóttur, safnsstjóra – til kynningar

#### 3. Fundargerð Heilbrigðisnefndar 9. febrúar 2007 – til kynningar

#### 4. Umsókn um hundaleyfi.

Bjarnveig Guðbrandsdóttir vék af fundi undir þessum lið, og tók Björgvin Sigurjónsson við hennar sæti.

Leyfið samþykkt samhljóða.

Björgvin vék af fundi eftir afgreiðslu málsins, og Bjarnveig tók aftur við sínu sæti.

#### 5. Erindi frá Sæskipum.

Oddviti lagði til að innheimtuaðgerðum verði hætt og eftirstöðvar skulda Sæskipa ehf. verði afskrifaðar. Tillagan var samþykkt samhljóða.

#### 6. Skólamáltíðir m.t.t. lagabreytinga 1. mars. – umræður.

Hreppsnefnd beinir þeim tilmælum til verktaka skólamáltíða að lækka verð á skólamáltíðum til nemenda. Skv. lögum nr. 175/2006 um breytingar á vörugjöldum og virðisaukaskatti, er tóku gildi 1.mars sl.. Framlag hreppsins til verktaka mun standa óbreytt kr. 242,50 pr.máltíð pr. nemanda skv. samningi við verktaka dags. 29. ágúst 2006. Samþykkt samhljóða.

#### 7. Ísmar – til kynningar.

Erindinu vísað til Umhverfis- og bygginganefndar. Samþykkt samhljóða.

#### 8. Menningarráð Vestfjarða – skýrsla send í t.pósti

Oddvita falið að undirrita samstarfssamning sveitarfélaga á Vestfjörðum um menningarmál fyrir hönd Tálknafjarðarhrepps. Samþykkt samhljóða.



**9. Fjáhagsáætlun Tálknafjarðarhrepps til þriggja ára 2008-2010.**

- seinni umræða.

Þriggja ára fjáhagsáætlun Tálknafjarðarhrepps og stofnana hans var samþykkt samhljóða.

**10. Vígluboð – Hestamannafélagið Stormur – til kynningar**

**11. Breyting á skipan nefnda**

*Húsnaðisnefnd* – tilnefning T – lista um varamann

Ákveðið var að fresta þessum lið til næsta fundar.

*Atvinnumálaneftnd* – tilnefning frá D og T lista um aðalmenn einn frá hvorum.

Tillaga D-lista: Ása Jónsdóttir var tilnefnd sem formaður Atvinnumálaneftndar í stað Guðna Ólafssonar. Tilnefning T-lista frestað til næsta fundar. Samþykkt samhljóða.

**12. Bréf frá formanni verkefnastjórnar um dreifmennt í V-Barð. – til kynningar**

**13. Rekstrarreikningur orlofs húsmæðra. - Til kynningar**

**14. Erindi frá Bergdísí ehf.**

Oddviti lagði fram eftirfarandi tillögu: "Hreppsnefnd leggur til að samið verði við Bergdísí ehf. um slátt á grænum svæðum næstu tvö árin þ.e. 2007 og 2008. Við samningsgerð verði hafður til hliðsjónar útboð og samningur frá árinu 2004. Oddvita falið að útbúa drög að samningi og leggja fyrir næsta fund hreppsnefndar í apríl".

Tillagan var samþykkt með fjórum atkvæðum. Bragi sat hjá.

Bragi Gunnarsson bað um að eftirfarandi yrði bókað: "Almennt er það mín skoðun að bjóða eigi út verk. Þar sem útboð eru útrunnin á að bjóða út verk að nýju og gefa öllum tækifæri til að sitja við sama borð. Að semja við aðila eingöngu af því að hann hafði verkið áður er mikil mismunun og gerir önnur útboð óþörf".

**15. Fundargerð 741. fundar stjórnar Sambands ísl. Sveitarfélaga – til kynningar.**

**16. Samþykkt um kattahald og gjaldskrá.**

Samþykktir og gjaldskrá um kattahald voru samþykktar samhljóða.

**17. Samkomulag LN og KÍ**

Hreppsnefnd lýsti yfir ánægju sinni með að náðst hafi samkomulag um kjör kennara.

**18. Aðalfundur Tálknabyggðar 1. apríl, tilnefning fulltrúa.**

Oddvita falið að fara með hlutafé sveitarfélagsins á fundinn. Samþykkt samhljóða.

**19. Nýsköpunarkeppni grunnskólanemenda – beiðni um samstarf**

Málinu vísað til skólanefndar.

**20. Nefndarlaun**



Tálknafjarðarhreppur

Oddvita falið að gera tillögu um nefndarlaun fyrir næsta hreppsnefundarfund. Samþykkt samhljóða.

**21. Ársfundur og stofnfundur Lánasjóðs sveitarfélaga ohf.**

Oddviti tilefnudur sem fulltrúi Tálknafjarðarhrepps á stofnfundinn. Fer þar með atkvæðisrétt og hefur fulla heimild til að undirrita stofnsamning fyrir hönd sveitarfélagsins. Samþykkt samhljóða.

**22. Sparkvöllur KSÍ**

Oddviti hefur undirritað með fyrirvara samning milli KSÍ og Tálknafjarðarhrepps um byggingu sparkvallar sumarið 2007. Hreppsnefnd samþykkir samhljóða undirritun samningsins.

**23. Fjárlaganeft Alþingis - til kynningar**

**24. Upplýsingagjöf framkvæmdarstjóra**

- Oddviti kynnti fyrir sveitarstjórn tilboð frá Línuhönnun um viðhaldsúttekt á eignum sveitarfélagsins.
- Samþykkt var að veita kr. 30.000.- styrk til "Hafstrauma" átaks um tónleikahald á suðurfjörðum Vestfjarða á sjómannadagshelgina.

**25. Önnur mál.**

Samþykkt var að fresta næsta hreppsnefundarfunni um eina viku fram til 18.apríl nk.

Fleira ekki fyrir tekið og fundargerð lesin upp til samþykktar. Fundi slitið kl. 19.05.

Eyrún Ingibj. Sigbórsdótt.  
Eyrún I. Sigbórsdóttir oddviti

Andri Lefever  
Andri Lefever

Bragi Gunnarsson  
Bragi Gunnarsson

Ásdís Auðunsdóttir  
Ásdís Auðunsdóttir

Bjarnveig Guðbrandsdóttir  
Bjarnveig Guðbrandsdóttir

Björgvin Sigurjónsson  
Björgvin Sigurjónsson

Helga Jónasdóttir  
Helga Jónasdóttir fundarritari